



Áveitan

10. tbl. 14. árgangur. Október 2020

Áheitaganga

Laugardaginn 24.október n.k. kl. 10:00, ætla félagskonur í Kvenfélögunum Hraungerðis- og Villingaholtshrepps að efna til áheitagöngu til styrktar „Sjóðnum Góða“.

Gengið verður frá Félagslundu að Þjórsárveru og þaðan í Þingborg um 22 km leið.

Áheit er hægt að leggja inn á reikning Kvenfélags Hraungerðishrepps, **0152-05-262213** kt. **590592-2349** og skrifa „áheit“ sem skýringu. Hægt er að leggja inn á söfnunarreikninginn til 31.október.

Framlög eru frjálts og munið að „margt smátt gerir eitt stórt“.

Sjóðurinn góði er samstarfsverkefni sóknarkirkna í Árnassýslu, Rauða krossins, félagsþjónustu Árborgar, félagsþjónustu Árneshvols og ýmissa félagasamtaka í Árnassýslu. Þetta samstarf hefur staðið síðan árið 2008 og hefur þann tilgang að veita aðstoð fyrir jólahátíðina til handa þeim sem ekki eiga fyrir nauðpurftum. Síðustu ár hefur sjóðurinn einnig verið í samstarfi við Hjálparstofnun kirkjunnar varðandi þessa aðstoð.

Vonandi sjá sem flestir sér fært að styrkja þetta málefni
Með fyrirfram þökkum,
kvenfélögin.

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanne Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Upplýsingar vegna Covid 19.

Í lok september þurfti að bregðast við vegna smits hjá einum af þeim aðilum sem hafa þjónustað leikskólann Krakkaborg í vetur. Tíu börn og einn starfsmaður fóru í sóttkví vegna þess og fara í skimun. Unnið var samkvæmt fyrirmælum frá sóttvarnaryfirvöldum. Við vonum að árvekni og skjót viðbrögð hjálpi okkur í glímunni við Covid – 19 og starf leikskólans haldi áfram óskert í upphafi októbermánaðar.

Við minnum ykkur á Hvatagreiðslur til íþrótta-lista- og tómstundaiðkunar. Umsóknarfrestur er til 1. nóvember 2019.

Eins og undanfarin ár veitir Flóahreppur hvatagreiðslur til íþrótta- lista - og tómstundaiðkunar.

Foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum 6 - 18 ára sem eiga lögheimili í Flóahreppi geta sótt um hvatagreiðslur. Sjá nánar um hvatagreiðslurnar á heimasíðu Flóahrepps.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðri umsókn ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Flóahrepps fyrir 1. maí fyrir hverja vorönn og fyrir **1. nóvember** fyrir hverja haustönn. Bent er á að nú er hægt að nálgast umsóknarformið **rafrænt** og fylla út á heimasíðu Flóahrepps og senda það beint **ásamt viðeigandi gögnum**.

Verkefni starfsmanna og sveitarstjórar á haustönn

Starfsemi Flóahrepps byggir á þjónustu við íbúa með rekstri skrifstofu, skóla og leikskóla, vatnsveitu og fjarskiptakerfis hér heima fyrir en önnur lögboðin þjónusta fer fram í samstarfi við önnur sveitarfélaga. Fjárhagsáætlun fyrir komandi ár komin í vinnslu og forstöðumenn stofnana og eftir atvikum stjórnendur samstarfsverkefna vinna við að greina þarfir fyrir framlög hver í sinni deild. Sveitarstjórn ákveður álagningarforsendur og gjaldskrár.

Það er nokkuð ljóst að óvissa ríkir um það hversu mikið framlög Jöfnunarsjóðs skerðast enda taka þau mið af útsvarstekjum allra sveitarfélaga í landinu. Ástandið vegna Covid 19 hefur komið misjafnlega hart niður á þeim. Fer það eftir samsetningu atvinnufyrirtækja í hverju sveitarfélagi fyrir sig, fjölbreytileika atvinnulífsins og möguleikum íbúa til atvinnu.

Það er því því nokkut óvissa nú í þeim forsendum sem við getum gefið okkur. Til skamms tíma er hægt að ganga á eigið fé og síðan lántaka til skamms tíma. Ekki má samt gleyma því að hækkað skuldahlutfall getur skert möguleika sveitafélagsins til lántöku vegna stærri verkefna síðar.

Allir munu gera sitt besta til þess að greina stöðuna stilla upp viðuráðanlegri áætlun fyrir árið 2021 – 2024 og vinna málin áfram með stöðugu eftirliti er með útgjöldum. Við vonum það besta og vonum að úr rætist á næstu tveimur árum.

Með góðri kveðju, Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps

Haustfundurinn okkar verður 15. október kl 20:00 í Félagslundi. Farið verður yfir komandi haust- og vetrarstarf félagsins. Nýjum og áhugasömum konum er velkomið að koma og kynna sér starf félagsins.

Stjórnin

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Ákveðið hefur verið að fresta haustfundi kvenfélagsins, sem halda átti 12. október n.k., vegna aðstæðna í samfélaginu. Vonandi verður hægt að halda fundinn í haust og verður tímasetning hans þá auglýst.

Kveðja, stjórnin.

Pistillinn

Húmar að kveldi hljóðnar dagsins ys. Þessar ljóðlínur komu upp í huga minn þegar ég rölti inn Heljarkinnina með hestana mín, sem er innst inn í Þjórsárdal. Haustið er sá tími sem litirnir í náttúrunni er sem fegurstir og kyrrð haustins er mögnuð.

Hann Óli vinur minn á Bollastöðum skoraði á mig í síðustu Áveitunni að skrifa næsta pistil. Ég kynntist fyrst Óla haustið '71 þegar hann fékk lánaðan hjá mér hest smá spotta úr Skeiðaréttum fyrir rekstrar fólkið sitt. Þetta var mín fyrsta ferð ríðandi í Skeiðaréttir og fór ég með þrjá hesta, Glampa og Svan sem báðir voru hvítir, Glampi með aðra kinnina rauða en Svanur með báðar rauðar og svo var ég með Lýsing leirljósan fola. Það var mér minnistætt hvað rigndi mikið þennan réttardag.

Árið eftir fór ég í mín fyrstu fjallferð inn á Sultarfit með Svan og Lýsing. Flest öll haust hef ég farið á fjall síðan, eina til tvær ferðir á hausti. Hún er mögnuð þessi fjallaþrá að njóta náttúrunnar með hesta og hund. Amma mín Guðbjörg kvaddi mig eitt sinn heima á hlaði með þessari vísu, en þá tíðkaðist að fara ríðandi úr hlaði en ekki með hesta á kerru

Fylgi þér guð um fjöllin há
sem fögur lömbin troða.
Fyrir löngu fékkstu þrá
fjallalöndin skoða.

Enn er ég kominn af stað nú í eftirsafn í austurleit Skeiðamanna. Þetta er mjög fallegur afréttur, við komumst reyndar ekki inn fyrir Ásakvíslar fyrir snjóófærð. En það var farið um Fossöldu, Rauðukamba, Reykholt, Bergólfsstaði, Geldingafjöll, Þverárdal og Hestfjöll sem í hjartviðri sjást vel héðan neðan úr Flóa. En vestan við Hestfjallahnjúk eru leitarmörk á milli austur og vestur leitar. Þar austan við eru Skyggfir, Mosfell og Fögruskógar. Þetta er mikið landsvæði og mikið hefur gróður aukist frá því ég fór fyrst á fjall. Þá var allt fullt af vikri frá gosinu í Heklu 1970. Allstaðar var sárbeittur svartur vikur og vikurskaflar í giljum. Mikið vorkenndi ég hundunum sem voru alblóðugir á löppunum á fyrsta og öðrum degi þótt maður bæri á þá jógursmyrsl á hverju kvöldu og reyndi að setja á þá skópoka sem þeir sleiktu eða nöguðu strax af sér. Það er alltaf magnað samband á milli hests, manns og hunds á fjalli. Ég ætla að segja ykkur sanna sögu. Það var 1981 þegar ég fór á fjall

að Tjarri minn, Border Collie hundur frá Tjörn í Tungunum, var orðinn gamall og haltur og ákvað ég því að skilja hann eftir heima. Þá vorum við Ella Veiga nýfarin að búa en bjuggum ennþá á loftinu hjá mömmu og pabba. Um kvöldið þegar ég var farinn á fjall fer Tjarri að væla og ýla. Mamma ætlaði þá að hleypa honum út en þá ryðst hundurinn inn, upp á loft og lagðist fyrir framan rúmið hjá Ella Veigu. Hann vék ekki frá henni þessa viku sem ég var á fjalli. Þegar hún fór niður í vesturbæ til Systu og Guðsteins þá ruddist hundurinn inn og lagðist undir borð við fætur Ellu Veigu. Ég man ekki til þess að ég hafi sagt hundinum að passa hana en okkur fannst alveg stórmerkilegt hvernig hundurinn lét.

Kæru sveitungar það er ánægjulegt hvað sveitafélagið okkar stækkar og blómstrar. Ég vona þó að þessi stækkun verði ekki til þess að við gleymum að rækta ungmennafélags andann því þetta flotta samfélag okkar var byggt upp meira eða minna af sveitungum í sjálfboðavinnu. Í nútíma þjóðfélagi er alltof oft áhersla lögð á að gera ekki neitt nema fá borgað eftir einhverjum töxtum og prísun. Við megum ekki gleyma að vera fyrirmynd fyrir börnin okkar og kenna þeim að leggja sitt að mörkum fyrir samfélagið.

Ég skora á Óla á Hurðarbaki að skrifa næsta pistil. Hann og Kristín byrjuðu sinn búskap fyrir tæpum 50 árum og hafa byggt allt upp og ræktað og er nú Hurðarbaksbúið orðið eitt afurðahæsta bú landsins. Hjá Hurðarbaksfjölskyldunni hefur ungmennafélagsandinn alltaf ríkt og hafa þau alltaf haft nægan tíma til að hjálpa náunganum og leggja samfélaginu lið.

Einar Hermundsson

Eftir-Réttarballið

Fyrir þau ykkar sem hafa beðið spennt eftir því að reima á sig dansskóna og taka sporið á Eftir-Réttarballi ungmennafélagsins, þá verðum við því miður að hryggja ykkur með því að ballinu hefur verið aflýst þetta árið vegna Covid-19. Við mætum hinsvegar tvíefld að ári.

Stjórn Umf Þjótanda.

Fréttir frá Krakkaborg október 2020



Að baki er aðlögun og uppskerutíð í leikskólanum Krakkaborg. Skipulögð kennsla er hafin á deildunum og nemendur og starfsmenn áhugasamir og virkir.

Þegar talað er um skipulagða kennslu og leikskólakennarar beðnir að nefna dæmi um kennslustund vandast stundum málið og misjafnt hvernig gengur að segja frá og færa rök fyrir vali á viðfangsefnum. Málörvun og innlögn orðaforða er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi og stundir þar vel skipulagðar. Kennarar þurfa t.d. að skipuleggja söngstundir, hvar og hvenær þær skuli fara fram, hver skuli stjórna þeim og hvaða lög skulu sungin. Þá er gott að tengja lög við árstíðir, áhugasvið nemenda og tilfallandi áherslur í starfinu. Nauðsynlegt er að hafa skráða texta svo kennarar kenni sömu texta og eigi auðveldara með að tengja orðaforða laganna við aðra málörvun yfir daginn. En hvað þá með þessi leikskólalög þar sem verið er að gretta sig og reka úr úr sér tunguna? Þá er megináherslan ekki á orðaforðann heldur á að þjálfva vöðva í talfærum. Hreyfisöngvar ýmsir þjálfva líka ekki einungis orðaforðann og hreyfiproska heldur vekja líka gleði og áhuga sem allir vita að er forsenda þess að nokkur læri nokkurn skapaðan hlut. Notkun ýmissa hljóðfæra og hljóðgjafa í söngstundum í leikskóla er stundum undanfari tónlistarnáms en stundum líka bara ánægjulegar stundir og jafnvel kjarkæfingar og áræðniþjálfun sem eflir sjálfstraust þar sem nemendur skiptast á að koma fram og spila svolítið.

Í leikskólum eru haldnir svolkallaðir litadagar. Nú í september var t.d. appelsínugulur dagur í Krakkaborg. Fallegur haustlitur sem mögulega er eða verður hægt að koma auga á í umhverfinu.

Hugmyndin með svona litadögum er sú að dagana í kringum litadag vinna nemendur og kennarar með þennan lit. Hafa orð á litnum, benda á hann í umhverfinu og í bókum, vinna ýmis listaverk með litnum, syngja um hann, skreyta á deildinni sinni og ræða um litinn. Þannig æfist athyglisgáfa og eftirtekt, foreldrar og eldri systkini geta tekið þátt með leikskólanemendum og orðaforðinn eflist. M.a. er t.d. hægt að skoða fallbeygingar á orðinu appelsínugulur, æfa sig að segja sína skoðun fyrir framan vinina og hlusta á skoðun þeirra. Er appelsínugulur kannski uppáhalds liturinn þinn? Hvers vegna eða hvers vegna ekki? Mjög gott að æfa rökræður þegar umræðuefnið er ekki grafalvarlegt því þá er auðveldara að æfa sig í að vera mögulega

ósammála. Vinir geta nefnilega alveg verið vinir þó þeir séu stundum ósammála. Á litadeginum sjálfum mega svo allir, bæði nemendur og kennarar koma klæddir einhverju í umræddum lit. Stundum gleymir einhver að klæðast litnum, aðrir sofna vart fyrir spenningi. Það kemur ekki að sök, alltaf hægt að vinna með litinn burtséð frá klæðnaði og glettilega oft leynist lítil rönd eða doppa einhversstaðar í réttum lit.

Bestu kveðjur, nemendur og starfsfólk Krakkaborgar

Árgjald Umf Þjótanda

Í október munu greiðsluseðlar vegna árgjalds Umf. Þjótanda birtast í heimabönkum félagsmanna. Árgjaldið verður líkt og síðustu ár 1500 kr fyrir fjölskyldur með 1-2 félagsmönnum en 2500 kr fyrir fjölskyldur með fleiri félagsmönnum.

Stjórnin

Flöskusöfnun 10. bekkjar!!!

10. bekkjar krakkar verða á ferðinni í október að safna flöskum og dósum fyrir útskriftarferðina okkar í vor.

Sjáumst.

10. bekkur í Flóaskóla

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Taka tvö!!

Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn miðvikudaginn 14. október kl. 20 í Þingborg.

Dagskrá fundar:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Nýir félagar hjartanlega velkomnir

Mikið sem við hlökkum til að sjá ykkur allar.

Stjórnin

Meðhjálpari óskast í Villingaholtskirkju

Laus er staða meðhjálpara í Villingaholtskirkju. Meðhjálpari er til staðar í öllum kirkjuathöfnum, aðallega þó messum og jarðarförum og sér um undirbúning athafna og lestur bæna. Að jafnaði eru 2 almennar messur yfir kirkjuárið, auk athafna á hátíðum kirkjuársins, um jól, páska og hvítasunnu.

Nánari upplýsingar veita sr. Guðbjörg Arnardóttir sóknarprestur s: 865 4444 email: guðbjorg.arnardottir@kirkjan.is og Sólveig Þórðardóttir formaður sóknarnefndar s: 869 6534, email: skufslaekur2@gmail.com

Sá ég spóa suð'ri Flóa 2020

Formaður Þjótanda afhenti á dögnum vinningshafanum, henni Steinunni Lilju Kristinsdóttir í Kolsholti 1, gjafabréf í

Raufarhólshelli.

Innilega til hamingju með vinninginn!!

Um leið viljum við þakka þeim fjölmörgu sem tóku þátt í þessu útivistarverkefni og kynntust um leið sveitinni okkar betur. Það er greinilega áhugi og grundvöllur að endurtaka verkefnið að ári.

Stjórn Umf.
Þjótanda



Messuplan í Villingaholts- og Hraungerðiskirkjum haustið 2020.

Villingaholtskirkja

18. október, 19. sd. e.þrenningarhátíð

Messa kl. 13.30. Prestur: Guðbjörg Arnardóttir

Organisti: Guðmundur Eiríksson

Hraungerðiskirkja

8. nóvember 22. sd. e.þrenningarhátíð

Messa kl. 13:30. Prestur: Guðbjörg Arnardóttir

Organisti: Guðmundur Eiríksson

Hraungerðiskirkja

6. desember – annar sunnudagur í aðventu

Aðventuhátíð kl. 20:00

Prestur: Gunnar Jóhannesson

Organisti: Guðmundur Eiríksson

Hraungerðiskirkja

25. desember – jóladagur

Hátíðarguðspjónusta kl. 11:00

Laugardælakirkja

Jóladagur,

25. desember, jóladagur

Hátíðarguðspjónusta kl. 13:00

Villingaholtskirkja

26. desember – annar dagur jóla

Hátíðarguðspjónusta kl. 11:00

Ljósheimar, ef má fara þar inn!

6. desember, annar dagur jóla

Hátíðarhelgistund kl. 13:00

Fréttir af skólastarfi

Eins og alltaf þá er nóg að gera og að mörgu að huga hér í Flóaskóla. Skólastarfið fer vel af stað og nemendur áhugasamir í náminu.

Í lok september fóru nemendur í 8. bekk í skólabúðirnar að Reykjum í Hrútafirði og fram undan er ferð nemenda í 9. bekk í

ungmennabúðirnar á Laugarvatni. Það er áskorun fyrir nemendur að fara í svona ferðir þar sem reynir á alls konar hæfni bæði í námi og félagslegri samveru. Reynslan hefur sýnt okkur að þetta er mikilvægt verkefni sem gefur nemendum mikið, þau kynnast stærri hóp í nýjum aðstæðum og takast á við fjölbreytt verkefni.

Í lok september ár hvert þreyta nemendur í 4. og 7. bekk samræmd próf. Prófað er í íslensku og stærðfræði og hefur verið venja hérna í skólanum að bjóða nemendum upp á kek, skúffuköku og djús að prófum loknum. Þetta er skemmtileg hefð sem veitir nemendum mikla gleði.

Í byrjun árs fór fram úttekt á Flóaskóla á vegum Menntamálastofnunar. Niðurstöður úttektar má finna á heimsíðu Menntamálastofnunar, mms.is, ásamt úrbótaáætlun skólans sem unnin var í kjölfarið. Við hvetjum alla sem áhuga hafa á skólastarfinu að kynna sér þetta efni. Nú er hafi vinna við skólustefnu Flóahrepps og eru þetta mikilvæg gögn í þá vinnu.

Árleg birkifræsöfnun skógræktarinnar og fleiri aðila er nú í gangi og hafa nemendur í 9. og 10. bekk tekið þátt í því verkefni. Einnig er fyrirhuguð skógarferð hjá nemendum í 1. bekk ásamt elstu nemendum leikskólans þar sem þeir ætla að leggja sitt af mörkum við fræsöfnun.

Bestu kveðjur,

Starfsfólk og nemendur Flóaskóla



Ferð eldri borgara

Ákveðið hefur verið að ferð eldri borgara í Flóahreppi falli niður þetta árið vegna Covid-19.

Ferðanefndin

Fréttir af Flóamannabók og kótlettukvöldi

Góðu fréttirnar eru þær að Flóamannabók kemur út vonandi á jólaföstudni, eru það tvær bækur um Hraungerðishreppinn í máli og myndum. Bækur sem verða uppflettirit allra Flóamanna næstu hálfu öldina. Hver bær fær sína sögu og ennfremur þær fjölskyldur, bændur og búalið sem þar hafa búið síðustu 220 árin. Bækurnar verða prýddar þúsundum mynda af fólkinu sem þar býr og bjó. Síðan verður hafist handa við að skrifa sögu Villingaholts- og Gaulverjabæjar-hreppa. En Það er Jón M Ívarsson sagnfræðingur frá Vorsabæjarhóli sem ritar söguna. Þegar hafa hátt í fjögur hundruð manns gerst áskrifendur að bókinni fyrir sanngjarnt verð. Ég hvet þá sem ekki hafa gerst kaupendur að gera það strax á hinu hagstæða verði kr. 20 þús. Sendið inn beiðni á Sigmund Stefánsson netfang: sigmundur Stef (hja)gmail.com s: 898-6476, eða Jón M Ívarsson netfang: jonmivars(hja)gmail.com sími: 861-6678

Vondu fréttirnar eru þær að árlegt Kótlettukvöld í Þingborg sem vera átti á vetrardaginn fyrsta fellur niður vegna Covitpestarinnar. En þessi kvöld hafa fest sig í sessi þjappað saman fólki og veitt útgáfunni mikinn fjárhagslegan stuðning. Koma tímar og koma ráð og aftur kemur haust í Flóann, við bíðum betri tíma og næsta haust þá gjalla lúðrar og vonandi verður þá blásið til Kótlettukvölds í Þingborg.

Bestu kveðjur,
Guðni Ágústsson

Úrslit af Flóamóti

Flóamótið var haldið 2. október sl. á íþróttavellinum við Þjósárver.

60 m hlaup 1.-3. bekkur

Lilja María Axelsdóttir	11,70 sek
Óskar Hansson	12,00 sek
Baldur Ragnar Ragnarsson	12,30 sek
Valgerður Björk Hlíðdal	12,56 sek
Matthilda Sigurðardóttir	12,64 sek
Páll Axel Axelsson	13,10 sek
Steinn Þorri Victorsson	13,18 sek
Viktor Logi Tello	13,29 sek
Ottó Ingi Annýjarson	13,35 sek
Guðmundur Marís Bjarkason	13,94 sek
Íris María Andradóttir	14,36 sek
Nikulás Tumi Ragnarsson	14,48 sek
Guðbjörn Erla Annýjardóttir	14,70 sek
Elín Dóra Þorsteinsdóttir	15,88 sek
Magnús Búi Ágústsson	16,70 sek
Kristín María Sigurðardóttir	17,76 sek

60 m hlaup 4.-6. bekkur

Bjarki Rafn Reynisson	9,53 sek
Sæþór Leó Helgason	9,97 sek
Hugrún Svala Guðjónsdóttir	10,25 sek
Kristófer Máni Andrason	10,57 sek
Kári Einarsson	10,64 sek
Axel Örn Aitken Sævarsson	10,80 sek
Garðar Þór Jónsson	10,86 sek
Guðni Bóas Davíðsson	11,02 sek
Egill Ingi Nielsen Jakobsson	11,06 sek
Þorbjörn Sturluson Schacht	11,08 sek
Gísli Svavar Sigurðsson	12,00 sek
Björgvin Sigurðsson	12,77 sek
Hróar Indriði Dagbjartsson	13,04 sek
Tumi Þór Svansson	13,18 sek
Albert Högnason	13,91 sek

100 m hlaup 7.-10. bekkur

Svandís Aitken Sævarsdóttir	15,86 sek
David Örn Aitken Sævarsson	16,15 sek
Helgi Reynisson	16,24 sek

Langstökk 1.-3. bekkur

Lilja María Axelsdóttir	2,71 m
Arnar Alex Reynisson	2,62 m
Matthilda Sigurðardóttir	2,53 m

Baldur Ragnar Ragnarsson	2,39 m
Steinn Þorri Victorsson	2,36 m
Óskar Hansson	2,26 m
Páll Axel Axelsson	1,94 m
Íris María Andradóttir	1,88 m
Guðmundur Marís Bjarkason	1,87 m
Viktor Logi Tello	1,86 m
Ottó Ingi Annýjarson	1,85 m
Guðbjörg Erla Annýjardóttir	1,70 m
Nikulás Tumi Ragnarsson	1,65 m
Elín Dóra Þorsteinsdóttir	1,49 m
Kristín María Sigurðardóttir	1,47 m
Magnús Búi Ágústsson	1,41 m

Langstökk 4.-5. bekkur

Bjarki Rafn Reynisson	3,72 m
Kári Einarsson	3,22 m
Már Óskar Bjarnason	3,19 m
Kristófer Máni Andrason	3,18 m
Guðni Bóas Davíðsson	2,96 m
Axel Örn Aitken Sævarsson	2,86 m
Þorbjörn Sturluson Schacht	2,85 m
Garðar Þór Jónsson	2,80 m
Jón Oliver Rúnarsson	2,68 m
Egill Ingi Nielsen Jakobsson	2,56 m
Gísli Svavar Sigurðsson	2,45 m
Hróar Indriði Dagbjartsson	1,89 m

Langstökk 6.-10 bekkur

Svandís Aitken Sævarsdóttir	4,00 m
Helgi Reynisson	3,71 m
Óskar Freyr Sigurðsson	3,56 m
Sæþór Leó Helgason	3,52 m
Benóný Ágústsson	3,34 m
Magnús Ögri Steindórsson	3,19 m
David Örn Aitken Sævarsson	3,18 m
Hugrún Svala Guðjónsdóttir	2,83 m
Gísli Svavar Sigurðsson	2,63 m
Þórarinn Óskar Ingvarsson	2,50 m
Tumi Þór Svansson	2,22 m

Skutlukast 1.-3. bekkur

Steinn Þorri Victorsson	11,90 m
Lilja María Axelsdóttir	10,00 m
Viktor Logi Tello	9,60 m
Óskar Hansson	8,90 m
Baldur Ragnar Ragnarsson	8,70 m
Nikulás Tumi Ragnarsson	8,60 m
Arnar Alex Reynisson	7,70 m

Úrslit af Flóamóti –framhald

Páll Axel Axelsson	7,20 m
Guðmundur Marís Bjarkason	6,70 m
Matthilda Sigurðardóttir	6,20 m
Íris María Andradóttir	5,30 m
Kristín María Sigurðardóttir	5,10 m
Ottó Ingi Annýjarson	4,70 m
Elín Dóra Þorsteinsdóttir	4,30 m
Valgerður Björk Hlíðdal	3,70 m
Magnús Búi Ágústsson	3,60 m
Guðbjörg Erla Annýjardóttir	3,10 m

Kúluvarp 4.-5. bekkur

Bjarki Rafn Reynisson	5,90 m
Gísli Svavar Sigurðsson	4,85 m
Már Óskar Bjarnason	4,59 m
Þorbjörn Sturluson Schacht	4,51 m
Kristófer Máni Andrason	4,32 m
Egill Ingi Nielsen Jakobsson	3,90 m
Albert Högnason	3,78 m
Hróar Indriði Dagbjartsson	3,58 m
Jón Oliver Rúnarsson	3,52 m

Kúluvarp 6.-10. bekkur

Óskar Freyr Sigurðsson	7,46 m
Freyr Sturluson Schacht	7,45 m
Sæþór Leó Helgason	7,13 m
Svandís Aitken Sævarsdóttir	6,54 m
Benóný Ágústsson	5,61 m
Hugrún Svala Guðjónsdóttir	5,43 m
Eyþór Bergmann Ingvarsson	5,38 m
Björgvin Sigurðsson	5,32 m
Tumi Þór Svansson	4,02 m
Þórarinn Óskar Ingvarsson	3,77 m

400 m hlaup 1.-3. bekkur

Lilja María Axelsdóttir	1:48 mín
Arnar Alex Reynisson	1:53 mín
Viktor Logi Tello	1:58 mín
Óskar Hansson	2:11 mín
Guðmundur Marís Bjarkason	2:12 mín
Steinn Þorri Victorsson	2:17 mín
Nikulás Tumi Ragnarsson	2:18 mín
Guðbjörg Erla Annýjardóttir	2:26 mín
Matthilda Sigurðardóttir	2:27 mín
Páll Axel Axelsson	2:43 mín
Magnús Búi Ágústsson	2:49 mín

Elín Dóra Þorsteinsdóttir 3:08 mín
Íris María Andradóttir 3:17 mín

400 m hlaup 4.-6. bekkur

Kristófer Máni Andrason 1:28 mín
Kári Einarsson 1:29 mín
Bjarki Rafn Reynisson 1,30 mín
Axel Örn Aitken Sævarsson 1:32 mín
Guðni Bóas Davíðsson 1:36 mín
Þorbjörn Sturluson Schacht 1:40 mín
Garðar Þór Jónsson 1:46 mín
Jón Oliver Rúnarsson 1:51 mín
Egill Ingi Nielsen Jakobsson 1:55 mín
Gísli Svavar Sigurðsson 2:00 mín
Björgvin Sigurðsson 2:02 mín
Hugrún Svala Guðjónsdóttir 2:08 mín
Tumi Þór Svansson 2:27 mín
Albert Högnason 2:30 mín
Hróar Indriði Dagbjartsson 2:57 mín

400 m hlaup 7.-10. bekkur

Sigurjón Reynisson 1:11 mín
Hólmar Höskuldsson 1:18 mín
Erlín Katla Hansdóttir 1:19 mín
Hanna Dóra Höskuldsdóttir 1:20 mín
David Örn Aitken Sævarsson 1:26 mín
Helgi Reynisson 1:26 mín
Svandís Aitken Sævarsdóttir 1:53 mín



Æfingar hjá 7.-10. bekk

Íþróttæfingar Þjótanda fyrir krakka í 7.-10. bekk hafa verið færðar og eru nú á mánudögum frá kl 16:00 - 17:30.

Þjálfari

Dagskrá mánaðarins

Æfing 1.-3. bekkur	2. október
Glímuæfing yngri	5. október
Æfing 4.-6. bekkur	5. október
Æfing 7.-10. bekkur	5. október
Glímuæfing eldri	6. október
Æfing 1.-3. bekkur	9. október
Glímuæfing yngri	12. október
Æfing 4.-6. bekkur	12. október
Æfing 7.-10. bekkur	12. október
Glímuæfing eldri	13. október
Aðalfundur Kvenf. Hraungerðishrepps	14. október
Aðalfundur Kvenf. Gaulverjarbæjarhrepps	15. október
Æfing 1.-3. bekkur	16. október
Glímuæfing yngri	19. október
Æfing 4.-6. bekkur	19. október
Æfing 7.-10. bekkur	19. október
Glímuæfing eldri	20. október
Æfing 1.-3. bekkur	23. október
Glímuæfing yngri	26. október
Æfing 4.-6. bekkur	26. október
Æfing 7.-10. bekkur	26. október
Glímuæfing eldri	27. október
Æfing 1.-3. bekkur	30. október



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160